



Námsgrein: Heimilisfræði

Kennsluaðferðir og skipulag: Nemendur í 8. bekk fá tvær lotur í heimilisfræði, eina á haustönn sem nær fram í febrúar og aðra á vorönn. Fimm vikur í senn, 80 mínútur í hvert skipti einu sinni í viku.

Verkefni hvernar námslotu eru aðgengileg á nemendasvæðum í Mentor og námsmat er sett inn í lok hvernar lotu.

Lagt er upp með að nemendum líði vel í eldhúsinu og séu öruggir í verkefnum.

Lögð er áhersla á að nemendur beri virðingu fyrir tækjum og efnivið sem verið er að nota og temji sér góða umgengni og fylgi fyrirmælum kennara. Eigi góð samskipti og vinni eftir getu.

Kennsla verkgreina er liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegar vinnu og er einnig undirbúningur undir frekara nám í verklegum greinum. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

Námsgögn: *Næring og lífshættir*, námsgögn frá kennara, af vef og fleira.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengt heimilishaldi og matreiðslu. Geti greint frá viðbrögðum við slysum á heimilum.	Umræður Sýnikennsla Verkleg kennsla	Námsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár og fært inn á hæfnikort nemenda í Mentor.

<p>Geti beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsahöld.</p> <p>Geti unnið sjálfstætt eftir vinnuferli.</p> <p>Geti tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.</p> <p>Geti tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir.</p>		
--	--	--